



Ásahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Laugalandi
851 HELLU

Garðabær, 6. febrúar 2026
Málsnúmer: 202601-0057/202601-0058
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2020–2032 og nýtt deiliskipulag fyrir Lindarbæ 1A, skipulagslýsing

Vísað er til erindis Ásahrepps sem barst Náttúrufræðistofnun í gegnum Skipulagsgátt þann 8. janúar 2025, þar sem óskað var umsagnar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps og nýs deiliskipulags fyrir Lindarbæ 1A. Gert er ráð fyrir að land verði áfram skilgreint sem landbúnaðarland með heimild til uppsetningar sólarraflöðugarðs til raforkuframleiðslu og að búfé verði beitt á lífrænt vottað land.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og telur hana í heild sinni vel unna og að þar sé fjallað um helstu þætti náttúrufars sem falla undir hlutverk stofnunarinnar.

Á skipulagssvæðinu finnast vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þar á meðal língresis- og vingulsvist og starungsmýravist. Stofnunin telur að í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar og við gerð deiliskipulags verði gerð nánari grein fyrir umfangi þessara vistgerða og metið hvernig fyrirhuguð landnýting geti haft áhrif á þær.

Varðandi fuglalíf er réttilega bent á að skipulagssvæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis Suðurlandsundirlendisins. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir sérstakar rannsóknir á áhrifum sólarraflöðugarða á fuglalíf á Íslandi hafa erlendar rannsóknir sýnt að slík mannvirki geta haft bæði bein og óbein áhrif á fugla, sem ráðast meðal annars af staðsetningu, umfangi og hönnun mannvirkja. Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að þessi þáttur verði tekinn til nánari skoðunar við áframhaldandi skipulagsvinnu.

Vegna umfangs og eðlis geta sólarraflöðugarðar haft áhrif á landslag og ásýnd svæða. Náttúrufræðistofnun telur því mikilvægt að metin verð áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á landslag og ásýnd svæðisins, þar á meðal möguleg áhrif á upplifun íbúa á nærliggjandi byggð.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur